

4. gr.

Afborgunum og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu með 6 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjaldtagi innleysta bréfa er 2. maí ár hvert.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvilandi skuldum á fyrri veðréttum fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins.

Lánstíminn skal vera allt að 10 árum.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og laga nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. janúar 1980.

Bragi Sigurjónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

**um breytingar á samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar nr. 145/1943,
sbr. og samþykkt nr. 219/1947.**

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Sjóðurinn er stofnaður til að geyma og ávaxta peninga og greiða fyrir viðskiptum sérstaklega fyrir íbúa Ólafsfjarðar. Stjórnendur sjóðsins skulu eiga heimili í Ólafsfirði.

2. gr.

7. gr. 3. mgr. hljóði svo:

Starfsmenn sparisjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða víkja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður stjórnar þá kalla saman aukafund aðalfundarfulltrúa þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

3. gr.

11. gr. hljóði svo:

Stjórnarfundir skulu haldnir minnst einu sinni í mánuði, og ákveður stjórnin hvernig skuli hagað daglegri starfsemi sjóðsins.

4. gr.

12. gr. hljóði svo:

Eigi síðar en í marsmánuði ár hvert skal aðalfundur sjóðsins haldinn. Aðalfundur og aukafundur hafa æðsta vald í málefnum sparisjóðsins. Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétti eiga 7 fulltrúar sem sérstaklega eru til þess kjörnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar. Einnig eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti stjórnarmenn ásamt sparisjóðsstjóra. Skal til fundarins boðað með a. m. k. 10 daga fyrirvara í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn sjóðsins og sparisjóðsstjóri skýra frá hag sjóðsins og rekstri hans á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun launakjara stjórnarmanna og endurskoðenda skv. tillögum stjórnarinnar.
3. Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands íslenskra sparisjóða.
4. Ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar og staðfesting ársreiknings.
5. Byggingu, kaup, sölu, skipti og veðsetningu á fasteignum sparisjóðsins að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnarinnar.
6. Önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um skv. lögum eða sem sparisjóðsstjórn eða aðalfundarfulltrúar vilja leggja fyrir fund.

Til aukafunda skal boðað á sama hátt ef formaður stjórnar, sparisjóðsstjóri, 2 stjórnarmenn eða 3 aðalfundarfulltrúar óska.

Fundur eru því aðeins lögmatir að a. m. k. $\frac{2}{3}$ fulltrúa mæti. Á fundi ræður afl atkvæða.

31. gr. hljóði svo:

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðendur og tvo til vara og skulu þeir kosnir af bæjarstjórn Ólafsfjarðar að loknum bæjarstjórnarkosningum til fjögurra ára í senn.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sparisjóði nr. 69 27. júní 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Viðskiptaráðuneytið 8. janúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ**um búfjárhald í Höfðahreppi.**

1. gr.

Mönnum er heimilt að hafa hross og kindur í eignarlandi Höfðahrepps, enda verði fylgt þeim reglum og ákvæðum sem þessi reglugerð greinir svo og ákvæðum fjallskilareglugerðar og lögreglusamþykktar A.-Hún.

2. gr.

Hross, að fráskildum brúkunarhestum, og kindur skulu rekin og höfð á afréttarlandi Höfðahrepps yfir sumarið.